Lífræn framleiðsla – Afgreiðsla undanþáguumsókna



Ábyrgð og framkvæmd

1.Sótt er um í gegnum Þjónustugátt MAST (umsokn.mast.is) á þar til gerðum rafrænum eyðublöðum. Umsóknir eru tvenns konar. Annars vegar 4.40 Umsókn um notkun á hefðbundnu fræi eða útsæði til lífrænnar ræktunar og hinsvegar 4.41 Umsókn til Matvælastofnunar um undanþágu skv. heimild í löggjöf um lífrænan landbúnað nr. 477/2017.

Umsóknin vistast í málaskrá undir málalykli 5.7.1 (SKRA-004) Heiti máls er heiti eyðublaðsins (sjá að ofan) og tilkynning berst fagsviðsstjóra sem fer með lífræna framleiðslu. Umsækjandi getur fylgst með stöðu máls í þjónustugátt. Öll gögn og samskipti vegna málsins skulu vistuð undir málinu. Fagsviðsstjóri annast framkvæmd vinnulýsingarinnar sbr. tl. 2-5.

2. Metið er hvort heimild í reglugerð eigi við og hvort ástæður séu réttlætanlegar og aðrar leiðir fullreyndar. Ef við á, er leitað álits sérfræðings innan stofnunar eða sérgreinadýralæknis eða hjá sérfræðingum Vottunarstofu.

Ákvörðun tekin um að hafna umsókn eða veita undanþágu. Hugsanlega er umsókn vísað frá þ.e. ef um misskilning er að ræða og sótt er um undanþágu fyrir einhverju sem er þegar leyfilegt.

3. Nota skal bréfasniðmát fyrir svarbréf í málakerfi undir Neytendavernd/lífræn ræktun. Svarbréf er sent til umsækjanda í gegnum þjónustugátt. Afrit fer til Vottunarstofu með tölvupósti úr málakerfi.

4. Fagsviðsstjóri lífrænnar ræktunar skráir umsóknina og hvort hún var veitt eða hafnað í Excel skjal (SKRA- 005) með heitið „Undanþágubeiðnir 201X.xls vistað á K:/Neytendavernd/Lífrænt/Undanþágubeiðnir/“ Gæta þarf þess að skrá í töfluna allar þær upplýsingar um undanþáguna sem gefa skal upp í árlegri skýrslugjöf til EFTA.

5. Fagsviðsstjóri lokar málinu.